

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 15. ágúst 2017, kl. 16:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, formaður sem færði fundargerð, Ástríður Stefánsdóttir, Elínborg Sturludóttir, Haraldur Briem, Sólveig Anna Bóasdóttir, og Salvör Nordal, forstöðumaður.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Sagt frá fjölsóttum fundum með sænskum sérfræðingum um plastbarkamálið í janúar og rætt um stöðu þess. Einnig greint frá velheppnaðri ráðstefnu um heimspeki Kristjáns Kristjánssonar í apríl s.l.
3. Rætt stuttlega um fyrirhugaða viðburði á vegum stofnunarinnar:
 - a. Ráðstefnu í samvinnu við Norrænu lífsiðfræðinefndina um líknardráp 15. september
 - b. Hádegisfyrirlestur Kits Christensen, Bemidji State University, í samvinnu við Heimspekistofnun og Alþjóðamálastofnun, „The Nature and Immorality of Collective Revenge“, 22. september.
 - c. Ráðstefnu um siðfræði ípróttá 4. nóvember.
 - d. Fyrirhugaðan fund 2018 um CIOM reglurnar, einkum varðandi ákvæði um þátttöku almennings í stórum rannsóknarverkefnum („community engagement“).
 - e. Samvinnu við Læknafélag Íslands um alþjóðlega ráðstefnu um siðfræði í október 2018.
 - f. Mögulega ráðstefnu um fagmennsku vorið 2018.
 - g. Málþing eða hádegisfund um leit að Downs-heilkenni á fósturstigi.
5. Sagt frá stöðu rannsóknarverkefna á vegum stofnunarinnar.
6. Forstöðumaður gerði stutta grein fyrir fjárhagstöðu Siðfræðistofnunar. Verulegur halli er á rekstrinum eða tæplega 6 milljónir kr.
7. Lögð fram umsókn forstöðumanns um launalaust leyfi. Stjórnarformaður lagði til eftirfarandi umsögn sem var samþykkt:

„Stjórn Siðfræðistofnunar mælir með því að Salvöru Nordal verði veitt leyfi frá 50% starfi forstöðumanns Siðfræðistofnunar. Stjórnin tekur þó fram að óvíst er að stofnunin muni hafa fjárhagslegt bolmagn til að halda forstöðumannsstarfinu í núverandi mynd að fimm árum liðnum.“

Í framhaldi af því var Salvöru Nordal færður blómvöndur frá stjórninni og henni þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið 17.30